73239200	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	2,00	0,00	1,46
73239300	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	2,00	0,00	1,46
73239400	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	2,00	0,00	1,46
73239900	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	2,00	0,00	1,46
74151000	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	6,00	0,00	0,55
74152100	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	6,00	0,00	0,55
74152900	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	6,00	0,00	0,55
74153300	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	6,00	0,00	0,55
74153900	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	6,00	0,00	0,55
74181010	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	15,00	0,00	0,55
74181020	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	2,00	0,00	0,55
74181090	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	2,00	0,00	0,55
74182000	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,30	0,00	0,55
76071100	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,80	0,00	0,00	0,55
76071900	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,80	0,00	0,00	0,55

[illegible]

[illegible]

[illegible]

[illegible]

[illegible]

93062100	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	1,50	0,00	1,46
93062900	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	3,00	0,00	2,19
93063009	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	3,00	0,00	2,19
94037001	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	5,00	0,00	2,19
94037002	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	5,00	0,00	2,19
94037009	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	5,00	0,00	2,19
94051100	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	2,50	0,00	2,19
94051901	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	2,50	0,00	2,19
94051909	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	2,50	0,00	2,19
94052901	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	2,50	0,00	2,19
94052909	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	2,50	0,00	2,19
95066200	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	1,25	6,25	0,00	2,19
95066900	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	1,25	6,25	0,00	2,19
95067000	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,13	0,63	0,00	2,19
96011000	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	2,00	0,00	2,19
96019001	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	2,00	0,00	2,19
96019009	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	2,00	0,00	2,19
96031000	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	10,00	0,00	2,19
96032901	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	20,00	0,00	2,19
96032909	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	20,00	0,00	2,19
96033000	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	10,00	0,00	2,19
96034000	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	10,00	0,00	2,19
96035000	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	2,00	0,00	2,19
96039000	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	10,00	0,00	2,19
96131000	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	10,00	0,00	2,19
96132000	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	10,00	0,00	2,19
96138000	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	10,00	0,00	2,19
96139000	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	10,00	0,00	2,19
96140001	Engar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	10,00	0,00	2,19

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á bráðabirgðaaðkvæði V við lögin:

- a. Í stað „1. janúar 2026“ í 1. mgr. kemur: 1. janúar 2028

- b. Í stað a-liðar kemur nýr a-liður svohljóðandi: **Líklegustu söluumbúðir eru pappi og pappír:** 01062000-01064900, 03047011-03047211, 03047221, 03047239-03047311, 03047321, 03047910, 03047940, 03048101-03048110, 03048210-03048311, 03048313, 03048315, 03048317, 03048321, 03048323, 03048325, 03048327, 03048620, 03048821, 03048823-03048824, 03048916, 03048918, 03048923, 03048925, 03048927, 03048936, 03048938, 03048943, 03048945, 03048947, 03063100, 03069190-03069310, 03069410-03069490, 03072200-03072909, 03083090-03089019, 04011001-04012001, 04029100-04029900, 0403, 04041010-04041020, 0410, 0501-0502, 0504-0505, 05069000, 0507-0508, 0510, 05119114-05119129, 0701-0702, 07042000, 07092000, 07094000-07095900, 07103000-07104000, 08011100-08011900, 08041001-08044000, 08059000, 0806-0812, 0902-0903, 10011910-10019920, 1002, 10039010-10039020, 1004-1008, 1101-1109, 1201-1213, 1301-1302, 1401, 1404, 1701, 17021100-17021900, 17023001-17026000, 17029003-17029009, 1703, 17041000, 18062010-18062020, 18062090-18069011, 18069019-18069023, 18069025-18069099, 19012011-19012089, 19041003-19042009, 19051000-19059059, 19059091-19059099, 20052001, 20052003, 20091929, 20092129-20092910, 20092929-20093110, 20093129, 20094129, 20095029, 20096129, 20097129-20097910, 20097929-20098110, 20098129-20098190, 20098929, 21041001-21041002, 21042001-21042009, 21069023-21069026, 21069041-21069042, 21069071, 21069099, 22011019, 22019019, 22019029-22019090, 22021041, 22021049-22021091, 22021099-22029111, 22029119-22029901, 22029909-22029911, 22029919-22029921, 22029929-22029931, 22029939-22029941, 22029949-22029991, 22029999, 22030019, 22041019, 22041029-22041039, 22042119, 22042129, 22042139, 22042149, 22042159, 22042169, 22042199, 22042215, 22042219, 22042229, 22042239, 22042249, 22042259, 22042269, 22042299, 22042919, 22042929, 22042939, 22042949, 22042959, 22042969, 22042999, 22043019, 22043029, 22051019, 22051029, 22051099, 22059019, 22059029, 22060039, 22060049, 22060059, 22060089, 22082089, 22083019, 22084019, 22085039, 22085049, 22086019, 22087029, 22087089, 22089029, 22089039, 22089079, 22089089, 22089099, 2209, 2304-2308, 23099002-23099004, 23099006-23099090, 2401, 2402, 24039101-24039109, 24041211-24041222, 2504, 25120001, 2517, 2523-2528, 34012002-34012009, 34023109, 34023909, 35030011, 35030021, 3602-3606, 37079091-37079099, 39012001-39019009, 3902-3916, 3922, 39231002-39232104, 39232109-39235090, 39239009, 3924, 39252011-39259009, 39261001-39269021, 39269023-39269090, 40011000, 40012200-40013000, 4002-4010, 40115000, 40129000, 4013, 40169200, 40169400-40169929, 4017, 44181101-44183000, 44189101-44189909, 4419-4420, 44211000, 44219111-44219999, 4501-4504, 4601-4602, 4701, 48053000-48059300, 4806-4813, 4816-4817, 48183000-48189090, 48203000-48209000, 4821-4822, 48232000-48237009, 4905-4906, 4909-4910, 49119101-49119900, 52042000, 52079000, 55113000, 6111, 62113303, 6214-6217, 6301-6305, 63061201-63061909, 63064000-63069090, 6307-6310, 6401-6406, 6501-6507, 66011000, 66019900, 6602-6603, 6701-6704, 6805, 6807, 6814-6815, 69073000-69074000, 6909-6914, 7002, 7006-7007, 7009-7019, 70200009, 7317, 73181100-73181600, 73182100-73182900, 7319-7320, 73211200-73218200, 73219000, 7322-7324, 73259900, 73261900,

7406, 7415, 7418, 7504, 7603, 76041001, 7612, 76151010-76151090, 76161000, 79039000, 79070002, 79070009, 8101-8102, 81032000-81033000, 8104, 81083000-81089000, 8109-8113, 8201-8204, 82052000, 82054000-82057000, 8206, 82071900, 82073000-82074000, 82077000-82079000, 8208-8215, 83022000-83026000, 8303-8311, 84129000, 8413-8424, 84271010, 84271090, 84311000-84313900, 84329000, 84339000, 84349000, 84359000, 84369100-84369900, 84379000, 84389000, 84399100-84399900, 84409000, 8441-8454, 84551000, 84553000-84559000, 8456-8457, 84581100, 84589100, 84592100-84597000, 8460-8462, 84659201-84659909, 8466-8473, 8476, 84779000, 84789000, 84798100-84799000, 8481-8484, 8486-8487, 8501, 85021100-85022000, 85024001-85024009, 8503-8506, 85072021-85072022, 85073050, 85075050, 85076050, 85078050, 85079001-85079009, 8508-8519, 8524-8538, 85391000-85394900, 8540-8548, 87081000-87083009, 87088000-87089900, 8709, 87131000, 8714-8715, 90012000, 90022000-90029000, 9003-9013, 90142000-90149000, 9015-9016, 90171000-90172000, 90178000, 9018-9020, 90211000-90212100, 9022-9023, 90241000, 90249000, 90259000, 9026-9033, 9101-9114, 9209, 9304, 93051000, 93059100, 93062100-93062900, 93063009, 9401-9403, 94041000-94042900, 9405, 95030011-95030050, 95030079-95030080, 95043000-95049009, 95051000, 95061200-95061900, 95063200, 95064000-95069990, 9507, 9601-9602, 96031000, 96033000-96039000, 9604-9605, 9607-9608, 96091000-96092000, 9610, 96122000, 9613-9616, 9618, 96190012-96190019, 96190099, 9620.

- c. Í stað b-liðar kemur nýr b-liður svohljóðandi: **Líklegustu söluumbúðir eru plast:**
 0201-0210, 03011100, 03011900, 0302, 0303, 03043100-03047101, 03047219, 03047229-03047231, 03047319, 03047329-03047500, 03047920-03047930, 03047950-03047990, 03048120-03048201, 03048290, 03048312, 03048314, 03048316, 03048319, 03048322, 03048324, 03048326, 03048329-03048610, 03048630-03048810, 03048822, 03048825-03048826, 03048917, 03048919, 03048924, 03048926, 03048928, 03048937, 03048939-03048940, 03048944, 03048946, 03048948-03049999, 0305, 03061110-03061990, 03063200-03069110, 03069390, 03069511-03069990, 03071100-03072100, 03073100-03076090, 03077200-03077990, 03078200-03078890, 03079201-03079990, 03081200-03081990, 03082120-03083010, 03089091-03089099, 0309, 04012008-04015009, 0405, 0409, 05061000, 05111000, 05119112-05119113, 05119901-05119909, 0601, 06021000, 06023010-06029030, 06029049-06029099, 0603-0604, 0703, 07041010-07041029, 07049001-07049009, 0705-0708, 07093000, 07096010-07099200, 07099309-07099909, 07101000-07102900, 07108001-07109000, 0711, 0714, 08012100-08013200, 0802-0803, 08045000, 08051000-08055009, 0813-0814, 09012101-09012209, 1501-1508, 15092009, 15094009, 1517, 1520-1522, 1601, 16023109-16029029, 1603, 17029001-17029002, 17049001-17049009, 1803, 1805, 18061001-18061009, 18062031-18062060, 18069012, 18069024, 19019021-19019099, 1902, 19030009, 19041001, 19043001-19049009, 19059060, 20041001-20049006, 20051000, 20060011, 20091110-20091210, 20091225-20091910, 20091925-20091927, 20091990-20092110, 2009125-2009127, 20092925-20092927, 20093125-20093127, 20093190-20093910, 20093925-20094110, 20094125-20094127, 20094190-20094910, 20094925-20095010, 20095025-20095027,

20095090-20096010, 20096125-20096127, 20096190-20096910, 20096929-20097110, 20097125-20097127, 20097925-20097927, 20098125-20098127, 20098910, 20098925-20098927, 20098990-20099010, 20099025-20099090, 2101-2102, 21031000-21032000, 21039030, 2105, 21061000-21069022, 21069027-21069039, 21069048-21069063, 21069065-21069068, 21069072, 22011015-22011017, 22019015-22019017, 22019025-22019027, 22021015-22021019, 22021035-22021039, 22021046-22021048, 22021096-22021098, 22029116-22029118, 22029906-22029908, 22029916-22029918, 22029926-22029928, 22029936-22029938, 22029946-22029948, 22029996-22029998, 22030015-22030017, 22030095-22030097, 22041016-22041017, 22041025-22041027, 22041035-22041037, 22042115-22042117, 22042125-22042127, 22042135-22042137, 22042145-22042147, 22042155-22042157, 22042165-22042167, 22042195-22042197, 22042215-22042217, 22042225-22042227, 22042235-22042237, 22042245-22042247, 22042255-22042257, 22042265-22042267, 22042295-22042297, 22042915-22042915, 22042925-22042927, 22042935-22042937, 22042945-22042947, 22042955-22042957, 22042965-22042967, 22042995-22042997, 22043015-22043017, 22043025-220430257, 22051015-22051017, 22051025-22051027, 22051095-22051097, 22059015-22059017, 22059025-22059027, 22059095-22059097, 22060035-22060037, 22060045-22060047, 22060055-22060055, 22060085-22060087, 22082025-22082027, 22082085-22082087, 22083015-22083017, 22084015-22084017, 22085035-22085037, 22085045-22085047, 22086015-22086017, 22087025-22087027, 22087085-22087087, 22089025-22089027, 22089035-22089037, 22089075-22089077, 22089085-22089087, 22089095-22089097, 2301-2303, 23091000, 23099005, 24039911-24039999, 24049102-24049106, 2614, 27129000, 28112110, 28112190, 2826-2843, 28441000-28443000, 2905-2942, 3001-3005, 30061000-30064009, 30066000-30069300, 3101-3105, 3201-3215, 33049903, 34011101-34012001, 34013000, 34023101, 34023901, 34024101-34029000, 3403, 34042000-34049001, 34052001, 34053000-34059009, 3406-3407, 3501-3502, 35030019, 35030029, 3504-3507, 3601, 37071000-37079035, 3801-3823, 38241000-38248300, 38249100-38249911, 3917-3921, 39232105, 4014-4015, 40161001-40169100, 40169300, 4301-4304, 44013200-44014900, 4402, 44212000, 4803, 4814, 48181000-48182000, 4819, 48201001-48202000, 48239001-48239009, 4907-4908, 5001-5007, 51031000, 5104, 51051000, 51052901-51054000, 5106-5113, 5201-5203, 52041100-52041900, 52051100-52053300, 52053500-52054800, 5206, 52071000, 5208-5212, 5301-5311 5401-5408, 5501-5510, 55111000-55112000, 5512-5516, 5601-5607, 56081101, 56081903, 56090003-56090009, 5701-5705, 5801-5803, 58041009-58043000, 5805-5811, 5901-5911, 6001-6006, 6101-6110, 6112-6117, 6201-6210, 62111100-62113302, 62113309-62114990, 6212-6213, 6806, 6808-6813, 69059000, 7101, 71021000-71022100, 71023100-71023900, 71031000, 71039900, 71042100-71049900, 7105-7117, 71189000, 7205, 73102100-73102900, 7607, 7610, 82051000, 82053000, 82075000-82076000, 8212-8215, 8522-8523, 85395100-85399000, 90013000-90019000, 90021100-90021909, 90141000, 90173000, 90179000, 90212900-90219000, 90251900-90258000, 94044010-94049000, 95059010-95059090, 96032100-96032909, 9606, 9611, 96121000, 9617, 96190011, 96190091-96190092.

- d. Í stað c- liðar kemur nýr c-liður svohljóðandi: **Líklegustu söluumbúðir eru viður:** 03077110-03077120, 03078100, 03079110-03079190, 03081100, 03082110, 6901-6904, 69051000, 6906, 69072100-69072300, 73211100, 73218900.
- e. Í stað d-liðar kemur nýr d-liður svohljóðandi: **Líklegustu söluumbúðir eru stál:** 04021010-04022900, 15092001, 15093001-15094001, 15099001-15099009, 1510-1516, 1518, 16023101-16023102, 16041101-16041109, 16041212-16041216, 1605, 19030001, 2002, 20054000-20057000, 20059100-20059909, 20060021-20060030, 20081109-20089909, 20091221, 20091921, 20092121, 20092921, 20093121, 20093921, 20094121, 20094921, 20095021, 20096121, 20096921, 20097121, 20097921, 20098121, 20098921, 20099021, 21033009, 21041003-21041029, 21069064, 22011011, 22019011, 22019021, 22021011, 22021031, 22021042, 22021092, 22029112, 22029902, 22029912, 22029922, 22029932, 22029942, 22029991, 22030011, 22030091, 22041011, 22041021, 22041031, 22042111, 22042121, 22042131, 22042141, 22042151, 22042161, 22042192, 22042211, 22042221, 22042231, 22042241, 22042251, 22042261, 22042291, 22042911, 22042921, 22042931, 22042941, 22042951, 22042961, 22042991, 22043011, 22043021, 22051011, 22051021, 22051091, 22059011, 22059021, 22059091, 22060031, 22060041, 22060051, 22060081, 22082021, 22082081, 22083011, 22084011, 22085031, 22085041, 22086011, 22087021, 22087081, 22089021, 22089031, 22089071, 22089081, 22089091, 24031101-24031909, 33049904, 33053000-33059000, 33071000-33074900, 34049009, 34052009.
- f. Í stað e-liðar kemur nýr e-liður svohljóðandi: **Líklegustu söluumbúðir eru ál:** 16021011-16022029, 16041219-16041229, 16041301-16043209, 20091222, 20091922, 20092122, 20092922, 20093122, 20093922, 20094122, 20094922, 20095022, 20096122, 20096922, 20097122, 20097922, 20098122, 20098922, 20099022, 22011012, 22019012, 22019022, 22021012, 22021032, 22021043, 22021093, 22029113, 22029903, 22029913, 22029923, 22029933, 22029943, 22029993, 22030012, 22030092, 22041012, 22041022, 22041032, 22042112, 22042122, 22042132, 22042142, 22042152, 22042162, 22042192, 22042212, 22042222, 22042232, 22042242, 22042252, 22042262, 22042292, 22042912, 22042922, 22042932, 22042942, 22042952, 22042962, 22042992, 22043012, 22043022, 22051012, 22051022, 22051092, 22059012, 22059022, 22059092, 22060032, 22060042, 22060052, 22060082, 22082022, 22082082, 22083012, 22084012, 22085032, 22085042, 22086012, 22087022, 22087082, 22089022, 22089032, 22089072, 22089082, 22089092, 3701, 37021000-37025200, 37025400-37029800, 3703-3706.
- g. Í stað f-liðar kemur nýr f-liður svohljóðandi: **Líklegustu söluumbúðir eru gler:** 0904-0910, 16041211, 16041217, 16041231-16041239, 19011000, 2001, 2003, 20052002, 20052004-20052009, 20079100-20079900, 20081101, 20091223-20091224, 20091923-20091924, 20092123-20092124, 20092923-20092924, 20093123-20093124, 20093923-20093924, 20094123-20094124, 20094923-20094924, 20095023-20095024, 20096123-20096124, 20096923-20096924, 20097123-20097124, 20097923-20097924, 20098123-20098124, 20098923-20098924, 20099023-20099024, 21033001, 21039010-21039020, 21039040-21039099, 22011013-22011014, 22019013-22019014, 22019023-22019024,

22021013-22021014, 22021033-22021034, 22021044-22021045, 22021094-22021095, 22029114-22029115, 22029904-22029905, 22029914-22029915, 22029924-22029925, 22029934-22029935, 22029944-22029945, 22029994-22029995, 22030013-22030014, 22030093-22030094, 22030099, 22041013-22041014, 22041023-22041024, 22041033-22041034, 22042113-22042114, 22042123-22042124, 22042133-22042134, 22042143-22042144, 22042153-22042154, 22042163-22042164, 22042193-22042194, 22042213-22042214, 22042223, 22042233, 22042243, 22042253, 22042263, 22042293, 22042913-22042923, 22042933, 22042943, 22042953, 22042963, 22042993, 22043013, 22043023, 22051013-22051014, 22051023-22051024, 22051093-22051094, 22059013, 22059023, 22059093, 22060033-22060034, 22060043-22060044, 22060053-22060054, 22060083-22060084, 22082023-22082024, 22082083-22082084, 22083013-22083014, 22084013-22084014, 22085033, 22085034, 22085043-22085044, 22086013-22086014, 22087023-22087024, 22087083-22087084, 22089023-22089024, 22089033-22089034, 22089073-22089074, 22089083-22089084, 22089093-22089094, 3303, 33043010, 34051000.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002. Frumvarpið er samið í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu að höfðu samráði við Úrvinnslusjóð, Skattinn og fleiri aðila. Nánar er fjallað um samráð hvað varðar áform um lagasetningu og vinnslu frumvarpsins í 5. kafla.

Markmiðið með frumvarpinu er að skýra ákvæði um skilagjald á ökutæki ásamt því að auka áreiðanleika og virkni úrvinnslugjaldsins og þá um leið framlengdrar framleiðendaábyrgðar á þeim vöruflokkum sem mælt er fyrir um í lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002. Frumvarpið felur í sér breytingar á lögum um úrvinnslugjald þannig að þau taki mið af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á tollskrá með auglýsingum um breytingu á viðauka I við tollalög nr. 88/2005. Með frumvarpinu eru einnig lagðar til uppfærslur á reiknilíkani viðauka XVIII þannig að bætt sé inn fleiri möguleikum um meginsöluumbúðir fyrir tiltekin tollskrárnúmer og hlutfallstölur lagfærðar svo að álagning úrvinnslugjalds á umbúðir sé sannarlega á þær vörur sem eiga að bera úrvinnslugjald á hverjum tíma og nái einnig til flutningsumbúða í þeim tilvikum þegar vörur eru ekki seldar í sérstökum söluumbúðum eða söluumbúðir bera ekki úrvinnslugjald líkt og í tilviki skilagjaldsskyldra drykkjarvöruumbúða.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Með lögum nr. 103/2021, sem tóku að fullu gildi 1. janúar 2023 og innleiddu m.a. tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/850, (ESB) 2018/851, (ESB) 2018/852 og (ESB) 2019/904, voru fleiri tegundir umbúða felldar undir framlengda framleiðendaábyrgð og látnar sæta úrvinnslugjaldi. Samkvæmt lögum um úrvinnslugjald skulu framleiðendur og innflytjendur gefa upp þyngd og tegund umbúða utan um vörur en í þeim tilvikum þegar staðfestar upplýsingar um umbúðir fást ekki er þeim heimilt að greiða úrvinnslugjald í samræmi við reiknireglur sem koma fram í viðauka XVIII við lögin. Úrvinnslugjald var fyrst

lagt á umbúðir úr pappa, pappír og plasti með lögum nr. 128/2004, sem breyttu lögum um úrvinnslugjald og síðan þá hefur álagning úrvinnslugjalds á umbúðir grundvallast á þeirri meginreglu að framleiðendur og innflytjendur gefi upp þyngd umbúða við tollafgreiðslu. Með lögum nr. 114/2005 kom í fyrsta sinn heimild í lögin fyrir gjaldskylda aðila að styðjast við reiknireglur í þeim tilvikum þegar staðfestar upplýsingar um þyngd umbúða voru fást ekki og samhliða var settur sérstakur viðauki XVIII við lögin með reiknireglum.

Breytingarnar sem urðu með lögum nr. 103/2021 leiddu af sér nauðsynlega uppfærslu viðauka XVIII við lögin og var það gert með lögum nr. 127/2022. Fljótlega í kjölfar gildistöku þeirra laga komu í ljós vandkvæði í þeim tilvikum þegar innflytjendur og tollmiðlarar hafa ekki upplýsingar um meginsöluumbúðir, líkt og reiknireglur viðaukans gera ráð fyrir, með tilheyrandi vandræðum við ákvörðun álagningar, kostnaði og töfum. Til að mæta þeim vanda var með lögum nr. 101/2024 sett inn tímabundin heimild til að ákvarða úrvinnslugjald miðað við líklegustu tegund söluumbúða þegar innflytjandi getur hvorki gefið upp þyngd og tegund umbúða né meginsöluumbúðir.

Regluleg endurskoðun og uppfærsla líkansins er mikilvæg til að álagning úrvinnslugjalda sé sem réttust hverju sinni til að standa undir kostnaði við úrvinnslu umbúðaúrgangs og reynsla síðustu tveggja ára hefur einnig dregið fram þörf á nauðsynlegum uppfærslum á viðaukanum af nokkrum ástæðum. Með frumvarpinu er bætt við möguleikum um meginsöluumbúðir tiltekinna tollskrárnúmera s.s. í tilviki kaffis þar sem bætt er við valmöguleikum um gler og stál og gerðar viðeigandi lagfæringar á hlutfallstölum fyrir önnur tollskrárnúmer, sérstaklega hlutfallstölur fyrir flutningsumbúðir tiltekinna vara þar sem ekki eru tilgreindar meginsöluumbúðir s.s. vegna vara sem fluttar eru inn í lausu og „engar“ söluumbúðir valdar. Reiknilíkanið byggir á þeirri meginreglu að innflytjandi tilgreini hverjar séu meginsöluumbúðir vörunnar. Komið hefur í ljós að tilgreini innflytjandi að meginsöluumbúðir séu engar í núgildandi reiknilíkani reiknar líkanið ekki þyngd flutningsumbúða. Þetta hefur m.a. leitt til þess að álagt magn umbúða, sér í lagi í tilviki pappa- og pappírsumbúða, hefur verið umtalsvert lægra frá gildistöku módelisins en hafði verið fyrir 1. mars 2023. Mikilvægt er að álagning úrvinnslugjalds á umbúðir nái til flutningsumbúða í þeim tilvikum þegar vörur eru ekki seldar í sérstökum söluumbúðum s.s. þegar um er að ræða ávexti í lausu, fatnað, skráfur, rær o.fl. og í þeim tilvikum þegar söluumbúðir bera ekki úrvinnslugjald s.s. skilagjaldsskyldar drykkjarvöruumbúðir. Magn umbúða sem úrvinnslugjald er lagt á skiptir ekki síður máli varðandi úrgangstölfræði og rétta stöðu gagnvart tölulegum markmiðum um árangur í úrgangsmálum.

Á seinustu þremur árum hafa verið gerðar breytingar tollskránni með auglýsingum, um breytingu á viðauka I við tollalög, nr. 88/2005, nr. 132/2022, nr. 8/2023, nr. 76/2023, nr. 95/2023, nr. 14/2024, nr. 33/2024 og nr. 143/2024. Nauðsynlegt er að uppfæra lögin reglulega með hliðsjón af breytingum á tollskrá eins og bent var m.a. á í stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á starfsemi Úrvinnslusjóðs frá ágúst 2022. Því eru lagðar til breytingar á lögnum sem felast í endurskoðun á tollskrárnúmerum og uppfærslu á viðaukum við lögin.

Einnig er lagt til að ákvæði til bráðabirgða V sem kom inn með lögum nr. 101/2024 og gildir til 1. janúar 2026, verði framlengt. Ákvæðið var sett inn til að bregðast við vandkvæðum við álagningu úrvinnslugjalds í þeim tilvikum þegar innflytjendur hafa ekki upplýsingar um meginsöluumbúðir þeirra vara sem þeir flytja inn. Borist hafa ábendingar þess efnis að viðbúið sé að vandamálið, sem því var ætlað að leysa, verði áfram viðvarandi og er því lagt til að sú lausn verði framlengd ásamt því sem ákvæðið verði uppfært með hliðsjón af fyrrgreindum breytingum á tollskrá.

Þá eru gerðar breytingar sem miða að því að gera skýrari greinarmun á skilagjaldi og úrvinnslugjaldi líkt og að var stefnt með lögum nr. 101/2023.

Frumvarpið er unnið í nánú samráði við Úrvinnslusjóð og Skattinn og byggja á tillögum sjóðsins.

3. Meginefni frumvarpsins.

Frumvarpið felur í sér breytingar á lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002. Lagðar eru til breytingar á 3. og 5. gr. laganna sem miða að því að gera enn skýrari greinarmun á úrvinnslugjaldi sem innheimt er við nýskráningu ökutækja, sem nær þá til ábyrgðar framleiðenda og innflytjenda á úrvinnslu ökutækis, og hins vegar á skilagjaldi á skráningarskyld ökutæki sem innheimt er reglulega af skráðum eiganda ökutækis, sem á móti á rétt á að fá endurgreitt skilagjald fyrir ökutæki þegar því er skilað á móttökustöð til endurnýtingar og förgunar. Jafnframt er lagt til að kveðið verði skýrt á um hlutverk úrvinnslugjaldsins í því að ná tölulegum markmiðum um undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu, endurnýtingu, söfnun og förgun úr sér genginna, skráningarskyldra ökutækja í samræmi við skyldur Úrvinnslusjóðs þar að lútandi skv. 3. mgr. 15. gr. laganna.

Lagt er til að gerðar verði breytingar á viðaukum við lögin sem leiða af auglýsingum um breytingu á viðauka I við tollalög nr. 88/2005, nr. 132/2022, nr. 8/2023, nr. 76/2023, nr. 95/2023, nr. 14/2024, nr. 33/2024 og nr. 143/2024. Með frumvarpinu er einnig verið að bæta inn í viðaukann fleiri valmöguleikum fyrir meginsöluumbúðir tiltekinna tollskrárnúmera ásamt því að gera viðeigandi lagfæringar á hlutfallstölum fyrir ákveðin tollskrárnúmer. Með þessum breytingum er ætlað að tryggja að álagning úrvinnslugjalds á umbúðir nái til flutningsumbúða í þeim tilvikum þegar vörur eru ekki seldar í sérstökum söluumbúðum og í tilviki skilagjaldsskyldra drykkjarvöruumbúða sem bera ekki úrvinnslugjald. Þá er gerð tillaga um að ákvæði til bráðabirgða V sem kom inn með lögum nr. 101/2024 verði framlengt og uppfært með hliðsjón af breytingum á tollskrá.

Jafnframt felur frumvarpið í sér ákvæði um gildistöku þess.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið þykir ekki fela í sér álitafni sem kalli á sérstaka umfjöllun um samræmi við stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar. Við samningu frumvarpsins var þess gætt að efni þess og framsetning samrýmdist 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar. Frumvarpið felur ekki í sér innleiðingu en efni þess er að hluta ætlað að stuðla að því að framkvæmd framlengdrar framleiðendaábyrgðar sé í samræmi við skuldbindingar Íslands á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

5. Samráð.

Frumvarpið hefur verið í undirbúningi um nokkurt skeið eða frá því um áramótin 2024 - 2025. Síðan þá hefur ráðuneytið m.a. haft samráð við Úrvinnslusjóð, Skattinn, og fleiri aðila um efni frumvarpsins.

Áform um lagasetningu voru birt í samráðsgátt Stjórnarráðsins 12. ágúst 2025, með umsagnafrest til 9. september 2025, mál nr. S-147/2025. Fimm umsagnir bárust, þ.e. frá Úrvinnslusjóði, Samtökum verslunar og þjónustu, Félagi Atvinnurekenda, Landvernd og Samtökum Iðnaðarins. Helstu athugasemdir við áformin lúta að mikilvægi bráðabirgðaákvæðis V í lögunum sem kom inn með lögum nr. 101/2024 og þess að gildistími ákvæðisins verði framlengdur og tekið til alvarlegrar skoðunar hvort gera eigi ákvæðið varanlegt. Í umsögn Samtaka Iðnaðarins var einnig biðlað til ráðuneytisins að taka

úrvinnslugjald fjölnota flutningsumbúða til skoðunar svo gengið sé úr skugga um að innheimta af slíkum umbúðum sé ekki tvöföld eða margföld.

Í umsögn Úrvinnslusjóðs var einnig bent á að breytingar á reiknilíkani í viðauka XVIII í lögunum séu mjög mikilvægar og brýnar en reynsla síðustu tveggja ára hafi dregið fram þörfina á nauðsynlegum uppfærslum á viðaukanum. Jafnframt þurfi að huga að því að bæta skýringartextann í viðaukanum auk þess að kveðið verði á um gildistíma þar sem veita þurfi Skattinum og hugbúnaðarhúsum svigrúm til að aðlagja tölvukerfi sín að breytingunum.

Í umsögn Landverndar er skipan stjórnar Úrvinnslusjóðs gerð að umtalsefni og athugasemdir gerðar við að hún sé skipuð af meirihluta þeirra hagsmunaaðila sem veita þurfi aðhald. Tækifæri séu til að tryggja sjónarmiðum umhverfis- og neytendaréttar sæti við stjórnarborðið.

Ráðuneytið tók mið af þessum umsögnum við gerð frumvarpsins en um leið er þessu frumvarpi fyrst og fremst ætlað að tryggja að viðaukar við lög um úrvinnslugjald, nr. 162/2002 séu uppfærðir með hliðsjón af breytingum á tollskrá á árunum 2022 – 2024, uppfæra reiknilíkan viðauka XVIII og mæta afmörkuðu, tæknilegu vandamáli í kjölfar gildistöku nýrra reiknireglu 1. mars 2023 sem leiða í ákveðnum tilvikum til þess að ekki er lagt úrvinnslugjald á flutningsumbúðir. Drög að frumvarpi voru kynnt í samráðsgátt...

6. Mat á áhrifum.

Frumvarp þetta mun hafa áhrif á framleiðendur, innflytjendur, stofnanir, almenning og sveitarfélög. Markmið með frumvarpinu er að tryggja áreiðanleika og skilvirkni álagningar úrvinnslugjalds með uppfærslu á viðauka XVIII við lögin. Jafnframt að framlengja tímabundið bráðabirgðaákvæði í lögunum vegna þeirra tilvika er framleiðendur og innflytjendur geta ekki tilgreint meginsöluumbúðir vara eins og reiknireglur laganna gera ráð fyrir.

Frumvarpið mun hafa samfélagslegan ávinning í för með sér og jákvæð áhrif fyrir Úrvinnslusjóð og framkvæmd framlengdrar framleiðendaábyrgðar á Íslandi þar sem því er ætlað að auka áreiðanleika álagningar úrvinnslugjalds á umbúðir. Uppfærsla reiknilíkansins er mikilvæg til að álagning úrvinnslugjalda sé sem réttust og standi undir kostnaði við úrvinnslu umbúðaúrgangs. Breytingarnar eru einnig til þess fallnar að endurspegla betur raunverulegt magn umbúða sem úrvinnslugjald er lagt á sem hefur mikla þýðingu fyrir úrgangstölfræði og stöðu gagnvart tölulegum markmiðum um árangur í úrgangsmálum.

Frumvarpið mun hafa þau áhrif fyrir atvinnulífið að álagning úrvinnslugjalds á umbúðir verður áreiðanlegri með fleiri valmöguleikum um meginsöluumbúðir og með breytingum á hlutfallstölum sölu- og flutningsumbúða fyrir tilgreind tollskrárnúmer sem eykur áreiðanleika álagningarinnar. Auk þess er mælt fyrir um framlengingu ákvæðis sem ætlað er að taka á vanda sem skapast við tollafgreiðslu þegar innflytjendur hafa ekki upplýsingar um meginsöluumbúðir vöru.

Frumvarpið mun hafa áhrif á sveitarfélög, sbr. það sem segir hér að framan, þar sem frumvarpinu er ætlað að gera álagningu úrvinnslugjalds á umbúðir áreiðanlegri. Frumvarpið mun hafa áhrif á almenning þar sem samfélagslegur ávinningur er af því að tryggja virkni úrvinnslugjaldsins og þá um leið framlengdrar framleiðendaábyrgðar á þeim vöruflokkum sem mælt er fyrir um í lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002. Frumvarpinu er m.a. ætlað að tryggja að úrvinnslugjald leggist á allar þær umbúðir sem stefnt var að með lögum nr. 103/2021 og tryggja að einnig sé lagt úrvinnslugjald á flutningsumbúðir í þeim tilvikum þegar meginsöluumbúðir eru engar. Ekki eru taldar líkur á að lagasetningin hafi áhrif á stöðu eða jafnrétti kynjanna. Lagasetningunni er ekki beint sérstaklega að einu kyni fremur en öðru og má ætla að þær breytingar sem lagasetningin hefur í för með sér beinist jafnt að öllum kynjum.

Áhrif lagasetningarinnar á stjórnýsly ríkisins eru talin óveruleg en búast má við að breytingarnar séu frekar til þess fallnar að auka áreiðanleika og skilvirkni. Lagasetningin er ekki talin hafa nettó áhrif á afkomu ríkissjóðs.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið er lögð til breyting á 4. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna. Með lögum nr. 103/2021 voru gerðar grundvallarbreytingar á ákvæðum um úrvinnslugjald á ökutæki þannig að nú er gerður skýr greinarmunur á annars vegar úrvinnslugjaldi sem innheimt skal við nýskráningu ökutækja, sem nær þá til ábyrgðar framleiðenda og innflytjenda á úrvinnslu ökutækis, og hins vegar á skilagjaldi á skráningarskyld ökutæki sem innheimt er reglulega af skráðum eiganda ökutækis, sem á móti á rétt á að fá endurgreitt skilagjald fyrir ökutæki þegar því er skilað á móttökustöð til endurnýtingar og förgunar. Í 2. mgr. 3. gr. eru tilgreindir þeir þættir sem úrvinnslugjaldinu er ætlað að standa undir og því er lagt til að „vegna greiðslu skilagjalda“ falli á brott til samræmis við þær breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 103/2021. Samhliða eru lagðar til breytingar á 5. gr. laganna í 2. gr. frumvarpsins.

Í b-lið er lagt til að kveðið verði með skýrum hætti á um hlutverk úrvinnslugjaldsins við að standa undir greiðslum til að ná tölulegum markmiðum um um undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu, endurnýtingu, söfnun og förgun úr sér genginna skráningarskyldra ökutækja. Kveðið er á um hlutverk Úrvinnslusjóðs í 3. mgr. 15. gr. laganna hvað þetta varðar en lagt er til að þessi tenging sé gerð skýrari í 3. gr. laganna líkt og nú þegar er gert hvað varðar pappa-, pappírs-, gler-, málm-, viðar- og plastumbúðir, raf- og rafeindatæki og rafhlöður og rafgeyma.

Um 2. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 4. mgr. 5. gr. laganna sem leiðir af a-lið 1. gr. þessa frumvarps. Í 5. gr. laganna er að finna ákvæði um skilagjald á ökutæki en skv. 1. mgr. skal skráður eigandi gjaldskylds ökutækis greiða skilagjald eins og nánar segir í ákvæðinu. Í 4. mgr. er kveðið á um fjárhæð skilagjalds og greiðslu þess til hvers þess sem afhendir gjaldskyld ökutæki til móttökustöðvar til endurnýtingar og endanlegrar förgunar. Lagt er til að tekinn sé af allur vafi um að það er innheimt skilagjald skv. ákvæðinu sem á að standa undir þeim kostnaði sem felst í greiðslu skilagjalds við afhendingu ökutækis til móttökustöðvar en ekki úrvinnslugjaldið. Með því er enn frekar gerður greinarmunur á skilagjaldi og úrvinnslugjaldi eins og að var stefnt með lögum nr. 103/2021.

Um 3. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á viðauka V (lífræn leysiefni) við lögin sem leiða af auglýsingu um breytingu á viðauka I við tollalög nr. 88/2005, nr. 132/2022. Með þeirri auglýsingu var felld niður tollskrárnúmerið 2926.9000 en í staðinn komu 2926.9010 og 2926.9090.

Um 4. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á viðauka XI (Rafhlöður og rafgeymar fyrir vélknúin ökutæki) við lögin sem leiða af auglýsingu um breytingu á viðauka I við tollalög nr. 88/2005, nr. 95/2023. Með þeirri auglýsingu var felld niður tollskrárnúmerið 8430.2000 Snjóplógar og snjóblásarar en í staðinn komu 8430.2010 og 8430.2090.

Um 5. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á viðauka XI A (Iðnaðarrafhlöður og iðnaðarrafgeymar fyrir vélknúin ökutæki) við lögin sem leiða af auglýsingu um breytingu á viðauka I við tollalög nr. 88/2005, nr. 95/2023.

Um 6. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á viðauka XIV (Plöntuverndarvörur og sæfivörur) við lögin sem leiða af auglýsingu um breytingu á viðauka I við tollalög nr. 88/2005, nr. 95/2023.

Um 7. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á viðauka XVI (Hjólbarðar) við lögin sem leiða af auglýsingum um breytingu á viðauka I við tollalög nr. 88/2005, nr. 76/2023 og 95/2023.

Um 8. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á viðauka XVIII við lögin þannig að hann fylgi þeim breytingum sem gerðar hafa verið á tollskrá með auglýsingum um breytingu á viðauka I við tollalög nr. 88/2005. Tilgangurinn er einnig að uppfæra reiknilíkan viðauka XVIII þannig að bætt sé inn fleiri möguleikum um meginsöluumbúðir fyrir tiltekin tollskránumer og hlutfallstölur lagfærðar svo að álagning úrvinnslugjalds á umbúðir sé sannarlega á þær vörur sem eiga að bera úrvinnslugjald á hverjum tíma og nái einnig til flutningsumbúða í þeim tilvikum þegar vörur eru ekki seldar í sérstökum söluumbúðum eða söluumbúðir bera ekki úrvinnslugjald líkt og í tilviki skilagjaldsskyldra drykkjarvöruumbúða.

Reynslan af reiknilíkani viðaukans, sem var sett í lögin þann 1. mars 2023 með lögum nr. 127/2022, hefur dregið fram ákveðin vandkvæði í þeim tilvikum þegar vörur eru fluttar inn í lausu, t.d. í pappakössum án meginsöluumbúða. Reiknilíkanið hefur, í þeim tilvikum þegar innflytjandi tilgreinir að meginsöluumbúðir séu „engar“, ekki ákvarðað úrvinnslugjald fyrir flutningsumbúðir sem eiga þó sannanlega að bera úrvinnslugjald. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á viðaukanum til að bregðast við því en dæmi um slík tilvik geta verið matvæli og fatnaður. Í þeim tilvikum þegar tiltekin vara er flutt inn í lausu leggst úrvinnslugjald á flutningsumbúðirnar samkvæmt hlutfallstöllum sem í töflunni greinir en ekki á söluumbúðirnar. Í kjölfar breytinganna verður ekki lengur hægt að velja „engar“ meginsöluumbúðir fyrir einnota skilagjaldsskyldar drykkjarvöruumbúðir skv. lögum nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, sem flokkast undir vöruliði 2009, 2201, 2202, 2203, 2204, 2205, 2206 eða 2208 í tollskrá samkvæmt viðauka I við tollalög nr. 88/2005. Þrátt fyrir að innflytjandi tilgreini meginsöluumbúðir í þeim tilvikum er ekki lagt úrvinnslugjald á meginsöluumbúðirnar heldur einungis á flutningsumbúðir þeirra þar sem um skilagjaldsskyldar umbúðir er að ræða. Eftir sem áður, velji innflytjandi „engar“ sem meginsöluumbúðir leggst ekkert úrvinnslugjald á umbúðir þegar vara er flutt inn í lausu í stærri endurnotanlegum flutningsumbúðum s.s. tönkum en í þeim tilvikum er reiknilíkanið óbreytt, og 0,00 hlutfallstölur í öllum dálkum í reiknilíkaninu. Hafa ber í huga að meginreglan er sú að innflytjandi tilgreini sjálfur tegund og magn umbúða við innflutning og getur því sett inn rétt gögn telji hann reiknilíkanið ekki eiga við í sínu tilfalli.

Breytingar á bráðabirgðaákvæði um líklegustu söluumbúðir og taflan um breytingar á viðauka XVIII er unnin af ráðgjafafyrirtækinu Niras í Danmörku fyrir Úrvinnslusjóð. Tillagan byggist á greiningu Niras og Úrvinnslusjóðs á tollskrábreytingum sem hafa orðið undanfarin

þrjú ár og breytingar á hlutfallstölum fyrir flutningsumbúðir fyrir valmöguleika þar sem valdar eru „engar“ meginsöluumbúðir fyrir tiltekin tollskrárnúmer þar sem vörur eru fluttar inn í lausu.

Í a-lið eru lagðar til breytingar á viðauka XVIII sem felast í því að felld eru á brott úr viðaukanum tollskrárnúmer sem vegna breytinga á viðauka I við tollalög nr. 88/2005, nr. 132/2022, nr. 8/2023, nr. 76/2023, nr. 95/2023, nr. 14/2024, nr. 33/2024 og nr. 143/2024, eru ekki lengur í gildi. Einnig eru felldar á brott línur vegna skilagjaldsskyldra drykkjarvöruumbúða sem eru með 0,00 í öllum dálkum. Í kjölfar þess verður ekki hægt að velja „engar“ sem meginsöluumbúðir sbr. umfjöllun um c-lið hér að neðan.

Í b-lið eru lagðar til breytingar á viðauka XVIII sem felast í því að bætt er inn línur og hlutfallstölum, þar sem orðið hefur breyting á tollskrárnúmerum, í stað þeirra sem felld eru á brott með a-lið þessarar greinar. Þessar breytingar leiða með sama hætti og í a-lið af breytingum á viðauka I við tollalög nr. 88/2005, með auglýsingum nr. 132/2022, nr. 8/2023, nr. 76/2023, nr. 95/2023, nr. 14/2024, nr. 33/2024 og nr. 143/2024. Sem dæmi um slíkt má nefna að í a-lið eru felldar út línur með tollskrárnúmerinu 0207.1100 Lausagöngu og lífrænt ræktuð hæsni (ekki skorið í hluta, nýtt eða kælt) og tilgreindar meginsöluumbúðir þeirra og í staðinn koma tvö ný tollskrárnúmer inn í viðauka XVIII eða 0207.2210 og 0207.1190.

Einnig er verið að fjölga valmöguleikum fyrir meginsöluumbúðir tiltekinna tollskrárnúmera en dæmi um slíkt er í tilviki kaffis þar sem bætt er við valmöguleikum um gler og stál sem meginsöluumbúðir. Í því tilviki er um að ræða tollskrárnúmer 0901.2201 Malað eða ómalað, í smásöluumbúðum 2 kg eða minna og 0901.2101 Malað eða ómalað, í smásöluumbúðum 2 kg eða minna koffinsneytt.

Þá eru dæmi þess að inn í viðaukann komi ný tollskrárnúmer s.s. 3923.2015 Pokar, ekki til umbúða, t.d. til heimilisnota þar sem lagt er úrvinnslugjald á umbúðir utan um pokana, s.s. ruslapoka og samlokupoka úr plasti, en ekki á plastpokana sjálfa. Á sama hátt eru ný tollskrárnúmer 4819.3002 og 4819.4002 – Pokar ekki til umbúða, t.d. til heimilisnota. Hér er ekki lagt á pappann í pokunum, heldur einungis á umbúðir um pappapokana, dæmi um slíkt væru t.d. gjafapokar úr pappír og pappa og pokar sem notaðir eru utan um matarleifar. Settar eru inn nýjar línur í reiknilíkanið með hlutfallstölur fyrir framangreind tollskrárnúmer og tilgreindar meginsöluumbúðir. Annað dæmi um slíkt eru tollskrárnúmer vegna breytinga á tollalögum þar sem komu inn ný tollskrárnúmer t.d. vegna nikótínupúða og rafretta, þar sem tollskrárnúmerum var skipt upp eftir nikótíninnihaldi varanna í vörulið 2404, en eldra tollskrárnúmer þessara vara í þessum vörulið hafði ekki verið inn í reiknilíkaninu. Sambærilegt dæmi er t.d. vegna ábendingar um að nasl í tollskrárnúmeri 2005.2003 væri ekki inn í reiknilíkaninu og var því tollskrárnúmeri bætt inn í reiknilíkanið.

Í c-lið eru lagðar til breytingar á viðauka XVIII sem fela í sér að hlutfallstölur tegunda sölu- og flutningsumbúða fyrir tilgreind tollskrárnúmer og meginsöluumbúðir taka breytingum. Felldar eru á brott línur í viðaukanum fyrir viðeigandi tollskrárnúmer og nýjar koma inn í staðinn með breyttum hlutfallstölum. Með því eru hvorki gerðar breytingar á tollskrárnúmerum né meginsöluumbúðum heldur einungis hlutfallstölum viðkomandi tollskrárnúmers eftir því hverjar meginsöluumbúðirnar eru. Tillögurnar byggja á greiningu ráðgjafafyrirtækisins Niras í Danmörku fyrir Úrvinnslusjóð og fela í sér uppfærslu á hlutfalli umbúða í viðkomandi tollskrárnúmerum úr viðaukanum til að tryggja rétta álagningu úrvinnslugjalds. Breytingarnar á reiknilíkaninu eru gerðar til að tryggja að lagt sé á flutningsumbúðir og fela í sér að felldar eru út 1.030 línur þar sem hlutfallstölur söluumbúða eru 0,00 og í staðinn settar inn línur, þar sem hlutfallstölur eru 0,00 fyrir söluumbúðirnar, en viðeigandi hlutfallstölur settar inn í reiknilíkanið fyrir flutningsumbúðirnar. Hér er um vörur

að ræða sem eru fluttar inn í lausu, t.d. í pappakössum á vörubrettum, s.s. stígvél í tollskrárnúmeri 6401.1000 eða ávextir s.s. sítrónur í tollskrárnúmeri 0805.5001. Þau tollskrárnúmer sem taka breytingum eru í köflum, 5, 6, 7, 8, 20, 22, 24, 39, 40, 42, 43, 44, 46, 48, 49, 55, 61, 62, 63, 64, 65, 66, 67, 68, 70, 73, 74, 76, 82, 83, 84, 91, 93, 94, 95 og 96, í tollskránni. Breytingarnar taka einnig til skilgjalddsskyldra drykkjarvöruumbúða í vöruliðum 2009, 2201, 2202, 2203, 2204, 2205, 2206 eða 2208 í tollskrá (stál, ál, gler eða plast). Lagt er til að hér eftir verði eingöngu hægt að velja þær meginsöluumbúðir sem tilgreindar eru í tilgreindum tollskrárnúmerum fyrir drykkjarvörur og í þeim tilvikum reiknast einungis úrvinnslugjald af flutningsumbúðunum en ekki söluumbúðunum þar sem aðeins er að finna hlutfallstölur í þeim línunum fyrir flutningsumbúðirnar en ekki söluumbúðirnar.

Um 9. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á bráðabirgðaákvæði V við lögin sem kom inn með lögum nr. 101/2024 sem breyttu lögum um úrvinnslugjald. Með þeim var lögfest tímabundin heimild til að ákvarða úrvinnslugjald miðað við líklegustu tegund söluumbúða þegar innflytjandi getur hvorki gefið upp þyngd og tegund umbúða né meginsöluumbúðir. Miðað var við að ákvæðið myndi gilda til 1. janúar 2026 og með því gæfist innflytjendum tími til að aðlagja sig að fullu að kröfum í nýju umbúðamódeli viðauka XVIII við lögin.

Í a-lið er lagt til að gildistími ákvæðisins verði framlengdur um tvö ár eða til 1. janúar 2028. Ákvæðið var sett inn til að bregðast við vandkvæðum við álagningu úrvinnslugjalds í þeim tilvikum þegar innflytjendur hafa ekki upplýsingar um meginsöluumbúðir þeirra vara sem þeir flytja inn en þetta er sérstaklega vandamál í tilvikum smærri innflytjenda og smásendinga. Tillagan byggir á tillögu Úrvinnslusjóðs en í samráðsferli frumvarpsins kom skýrt fram hjá sjóðnum og atvinnulífinu nauðsyn þess að gildistími ákvæðisins verði framlengdur þar sem viðbúið sé að það vandamál sem ákvæðinu var ætlað að leysa verði áfram viðvarandi. Lagt er til að gildistími ákvæðisins verði framlengdur í tvö ár til að gefa innflytjendum aukinn tíma til að aðlagja sig að fullu að reiknilíkaninu í ljósi þeirrar meginreglu laga um úrvinnslugjald að innflytjandi gefi upp þyngd, tegund og samsetningu umbúða við innflutning.

Í b – g-lið eru lagðar til breytingar á tollskrárnúmerum sem leiða af uppfærslu viðauka XVIII við lögin, sbr. 2. gr. þessa frumvarps. Í núgildandi reiknilíkani viðaukans eru meginsöluumbúðir skilgjalddsskyldra drykkjarvöruumbúða skilgreindar sem „engar“ en í kjölfar uppfærslu viðauka XVIII falla viðkomandi tollskrárnúmer undir viðeigandi meginsöluumbúðir í a – g-lið ákvæðisins. Ákvæðið lengist því töluvert með þeim tollskrárnúmerum sem bætast við en þau eru tæplega 500 talsins. Einnig eru dæmi þess að breyting hafi verið gerð á meginsöluumbúðum og tollskrárnúmer færst á milli liða í ákvæðinu. Einnig er um að ræða uppfærslu tollskrárnúmera með hliðsjón af þeim breytingum sem hafa orðið á tollskrá með auglýsingum um breytingu á viðauka I við tollalög nr. 88/2005, nr. 132/2022, nr. 8/2023, nr. 76/2023, nr. 95/2023, nr. 14/2024, nr. 33/2024 og nr. 143/2024.